

Fundargerð aðalfundar Haga hf. haldinn hinn 7. júní 2019

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, var haldinn föstudaginn 7. júní 2019, kl. 09:00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Erna Gísladóttir, formaður stjórnar Haga hf., bauð fundarmenn velkomna í upphafi fundarins og lagði til að Þórður Bogason, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga, yrði kjörin fundarritari. Var það samþykkt.

Áður en gengið var til dagskrár gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins, fundargögnum og fyrirkomulagi fundarstarfa. Fundarboð birtist opinberlega á vef Kauphallarinnar fimmtudaginn 16. maí sl. og var fundurinn einnig auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu föstudaginn 17. maí sl. og Viðskiptablaðinu 23. maí sl. Á fundinum voru mættir 37 hluthafar af 702 hluthöfum í félaginu eða fyrir 70,82% hlutfjár. Lýsti fundarstjóri því yfir að fundurinn væri boðaður á lögmætan hátt og bær til að taka ákvarðarnir í samræmi við auglýsta dagskrá. Hreyfði enginn andmælum. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins að færa dagskrárlið 8, um kosningu stjórnar félagsins og endurskoðanda, frammar í dagskrána, eða á eftir dagskrárlið 3, til að vinna tíma þar sem úrvinnsla talningar er tímafrek. Var það samþykkt. Að svo búnu var gengið til dagskrár án athugasemda.

1. *Skýrsla stjórnar Haga hf. um starfsemina á liðnu ári.* Erna Gísladóttir, formaður stjórnar Haga hf., tók til máls og flutti skýrslu stjórnar.
2. *Ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda.* Á fundinum var lagður fram til samþykktar ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Finnur Árnason, forstjóri Haga hf., tók til máls og gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Eftir framsöguræður undir 1. og 2. dagskrárlið opnaði fundarstjóri mælendaskrá og bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, tók til máls. Lífeyrissjóðurinn óskar eftir sundurliðuðum launaupplýsingum í ársreikningi þar sem sjá má upplýsingar árangurstengingu launa. Að öðru leyti taldi Ólafur reksturinn hafa verið mjög góðan. Þá minntist hann á verðkönnun ASÍ sem birt var í gær þar sem Bónus virtist hafa tapað sæti sínu sem ódýrasta verslunin. Ekki tóku fleiri til máls. Að svo búnu var ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár félagsins, 1. mars 2018 - 28. febrúar 2019, ásamt skýrslu endurskoðanda, borinn upp til atkvæða og samþykkti aðalfundurinn hann samhljóða.
3. *Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2018/19.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að greiddur yrði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2018/19 sem nemi 50% hagnaðar ársins eða samtals 1.158,5 milljónum króna, eins og fram kemur í ársreikningi félagsins. Heildararðgreiðslan nemur því 0,955 kr. á hlut. Skal arðsréttindadagur vera 12. júní 2019. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2018/19 verður því 11. júní 2019, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 27. júní 2019. Var tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar samþykkt samhljóða af aðalfundinum.
4. *Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að níu framboð hefðu borist til setu í stjórn Haga hf. innan þess tíma sem lög og samþykktir félagsins áskilja. Einn

frambjóðandi hefur dregið framboð sitt til baka og eru því átta einstaklingar í framboði til stjórnar félagsins. eru þau öll gild að mati stjórnar félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur hafa verið birtar og liggja frammi á fundinum. Fundarstjóri las upp nöfn frambjóðenda: Björgvin Halldór Björnsson, Davíð Harðarson, Eiríkur S. Jóhannsson, Erna Gísladóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Katrín Olga Jóhannesdóttir, Már Wolfgang Mixa og Stefán Árni Auðólfsson.

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að kynna sig stuttlega. Enginn tók til máls.

Frammi á fundinum liggur skýrsla tilnefningarnefndar, sem og tillaga nefndarinnar um stjórnarkjör í félaginu. Fundarstjóri gaf Ástu Bjarnadóttur, formanni tilnefningarnefndar, orðið. Ásta fór yfir störf nefndarinnar sem var kjörin á aðalfundi 2018. Ásta stiklaði á stóru yfir störf nefndarinnar á fyrsta starfsári hennar. Nefndin leggur til að stjórn verði kjörin óbreytt. Nefndin leggur því til að Davíð Harðarson, Eiríkur S. Jóhannsson, Erna Gísladóttir, Katrín Olga Jóhannesdóttir og Stefán Árni Auðólfsson hljóti kosningu í stjórn félagsins.

Fundarstjóri upplýsti að ekki hefði komið fram ósk innan tilskilins frest um annað fyrirkomulag á kosningu en venjulega meirihlutakosningu milli einstaklinga, sbr. grein 4.7 í samþykktum Haga hf. Færi atkvæðagreiðslan því þannig fram og væri skrifleg.

Fundarstjóri benti á að samkvæmt 1. mgr. 63. gr. hfl. nr. 2/1995, skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og í tilviki Haga hf. skal tryggja að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% stjórnarmanna.

Fundarstjóri fór yfir leiðbeiningar við kosningu. Hluthafar hafa fengið afhentan kjörseðil úr rafrænu atkvæðakerfi sem tiltekur fjölda atkvæða viðkomandi hlutahafa. Við stjórnarkjör eru notaðir seðlar sem merktir eru **atkv.greiðsla nr. 1 til og með atkv.greiðsla nr. 8.**

Fundarstjóri benti á að kjósa skyldi fimm stjórnarmenn hið mesta. Fundarstjóri tók fram að frambjóðendum hefur verið úthlutað eftirfarandi númeri:

Atkv.greiðsla nr. 1. Björgvin Halldór Björnsson, f. 1982
Atkv.greiðsla nr. 2. Davíð Harðarson, f. 1976
Atkv.greiðsla nr. 3. Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968
Atkv.greiðsla nr. 4. Erna Gísladóttir, f. 1968
Atkv.greiðsla nr. 5. Guðrún Ólafsdóttir, f. 1968
Atkv.greiðsla nr. 6. Katrín Olga Jóhannesdóttir, f. 1962
Atkv.greiðsla nr. 7. Már Wolfgang Mixa, f. 1965
Atkv.greiðsla nr. 8. Stefán Árni Auðólfsson, f. 1972

Fundarstjóri útskýrði að hluthafar greiddu atkvæði með því að merkja við reit merktan „Með“ á seðli með númeri þeirra frambjóðenda sem þeir vilja kjósa til stjórnar, mest fimm frambjóðendur. Fundarstjóri spurði hvort hluthafar gerðu athugasemdir við framangreint fyrirkomulag kosninga. Svo var ekki.

Atkvæðum var safnað saman og þau talin í viðurvist endurskoðenda félagsins, þeirra Vignis Rafns Gíslasonar og Söru Hennýjar H. Arnbjörnsdóttur frá PricewaterhouseCoopers ehf.

Að svo búnu var haldið áfram með dagskrá fundarins og dagskrárlið frestað þar til úrslit kosningar liggja fyrir.

Að lokinni talningu atkvæða lýsti fundarstjóri úrslitum atkvæðagreiðslu til stjórnar:

Nafn frambjóðenda og nr.:	Fjöldi atkvæða
1. Björgvin Halldór Björnsson, f. 1982	1.237.594
2. Davíð Harðarson, f. 1976	799.584.235
3. Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968	855.107.735
4. Erna Gísladóttir, f. 1968	799.585.727
5. Guðrún Ólafsdóttir, f. 1968	354.500
6. Katrín Olga Jóhannesdóttir, f. 1962	799.243.235
7. Már Wolfgang Mixa, f. 1965	23.500
8. Stefán Árni Auðólfsson, f. 1972	663.633.259

Í ljósi framangreindra úrslita lýsti fundarstjóri eftirfarandi einstaklinga réttilega kjörna til setu í stjórn Haga hf. á aðalfundinum: Davíð Harðarson, Eiríkur S. Jóhannsson, Erna Gísladóttir, Katrín Olga Jóhannesdóttir og Stefán Árni Auðólfsson. Engar athugasemdir voru gerðar af fundarmönnum.

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir þeirri tillögu stjórnar Haga hf. að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði kosinn endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár. Var sú tillaga samþykkt samhljóða og án athugasemda á aðalfundinum.

5. *Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda.* Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að stjórnarlaun verði óbreytt eða sem hér segir: Stjórnarformaður kr. 660.000,- á mánuði, varaformaður kr. 495.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 330.000,- á mánuði. Stjórn gerir tillögu um að laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar verði einnig óbreytt, eða kr. 90.000,- á mánuði og að laun formanns verði tvöföld upphæð. Þá gerir stjórn tillögu um að nefndarmönnum í tilnefningarnefnd verði greitt skv. reikningi 20 þús. kr. pr/klst. Við svo búið bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um greiðslur til stjórnarmanna Haga hf. og undirnefnda og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.
6. *Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn Haga hf. hafi lagt fram við aðalfund breytta starfskjarastefnu fyrir félagið. Erna Gísladóttir, stjórnarformaður og formaður starfskjaranefndar, kom í pontu og kynnti starfskjarastefnuna. Fram kom í kynningu Ernu að starfskjarastefnan væri nokkuð breytt vegna töluverðrar gagnrýni hluthafa. Verði starfskjarastefnan samþykkt krefst það að gerðir verði nýir starfssamningar við æðstu stjórnendur félagsins í anda þessarar nýju stefnu. Að svo búnu opnaði fundarstjóri mælendaskrá.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs, tók til máls og fylgdi úr hlaði bókun Gildis, dags. 7. júní 2019. Var bókunin afhent fundarstjóra og er hún færð til bókar sem fylgiskjal með fundargerð þessari. Árni upplýsti fundinn um að Gildi-lífeyrissjóður muni greiða atkvæði með starfskjarastefnunni en leggur á það áherslu að félagið haldi áfram á þessari braut og að í aðdraganda næsta aðalfundar komi fram skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnunnar sem upplýsi nánar með hvaða hætti heildarlaun stjórnenda eru mótuð, á hvaða samanburði þau byggja og hvert hlutfall er á milli fastra og árangurstengdra greiðslna hjá stjórnendum.

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu Haga hf. var borin upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

7. *Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.* Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að samþykktar verði starfsreglur tilnefningarnefndar sem liggja frammi á fundinum. Stjórn Haga setti nefndinni reglur eftir aðalfund 2018, sem síðar voru endurskoðaðar í kjölfar sáttar félagsins við Samkeppniseftirlitsins. Það þykir við hæfi að starfsreglurnar séu samþykktar af hluthafafundi þar sem nefndin starfar í umboði hluthafa. Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. Enginn tók til máls. Fundarstjóri bar að svo búnu upp tillöguna til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.
8. *Kosning tilnefningarnefndar.* Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að þrír eftirtaldir fulltrúar verði kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins. Meirihluti þeirra er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.
 - Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítala
 - Björg Sigurðardóttir, löggiltur endurskoðandi
 - Símon Á. Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Var tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða af aðalfundinum. Fundarstjóri lýsti því Ástu Bjarnadóttur, Björgu Sigurðardóttur og Símon Á. Gunnarsson réttkjörin í tilnefningarnefnd.

9. *Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.* Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.


10. *Tillaga um samkeppnisstefnu Haga hf.* Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um samkeppnisstefnu félagsins. Jóna Björk Helgadóttir, ráðgjafi Haga, kom í pontu og kynnti samkeppnisstefnuna. Með sátt Haga hf. við Samkeppniseftirlitið, dags. 11. september 2018, vegna samruna félagsins, Ólíuverzlunar Íslands ehf. og DGV ehf. skuldbundu Hagar sig til að hlíta tilteknum skilyrðum í starfsemi sinni, m.a. þá skyldu að leggja fram samkeppnisstefnu til samþykktar á hluthafafundi félagsins. Jóna Björk fór yfir helsti atriði samkeppnisstefnunnar, þá aðallega þau atriði sem snúa að hluthöfum Haga. Að því loknu opnaði fundarstjóri mælendaskrá. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, tók til máls. Í máli hans kom fram að lífeyrissjóðurinn fagnar

samkeppnisstefnunni og segir það víðsfjarri að eignarhald lífeyrissjóða í fyrirtækjum í sambærilegri starfsemi letji samkeppni því ekkert sé eins leiðinlegt og þegar búið er að semja um jafntefli fyrirfram. Fleiri tóku ekki til máls. Að því loknu bar fundarstjóri tillögu stjórnar að samkeppnisstefnu Haga upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.


11. *Önnur málefni.* Engar frekari tillögur bárust frá hluthöfum og því ekki önnur mál á dagskrá. Finnur Árnason, forstjóri Haga, tók til máls og ræddi verðkönnun ASÍ sem birt var í gærdeg, í framhaldi af athugasemd Ólafs Sigurðssonar frá Birtu lífeyrissjóði. Útskýrði Finnur þá annmarka sem eru á verðkönnuninni og fréttáflutningi í kjölfarið. Niðurstaða könnunarinnar sýnir að Bónus er án vafa með lægsta vöruverðið.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að færa til bókar ef þeir vildu gera grein fyrir atkvæðum sínum á fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir umboði aðalfundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð. Heimild var veitt. Fundi var að svo búnu slitið kl. 10:20.



Þórður Bogason, fundarstjóri



Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fundarritari

lagt fram á aðalfundi Haga hf.
7. júní 2019 og fært til bókar
undir dagskrárlist þ sem
fylgiskjaki m. fundargerð
Guðnún Svein, fundarritari



Bókun Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Haga hf. 7.6.2019

Á aðalfundi Haga hf. 2018 sat Gildi-lífeyrissjóður hjá við afgreiðslu starfskjarastefnu og lagði fram bókun þar sem m.a. kom fram að mikilvægt væri að stjórn félagsins upplýsi nánar um það með hvaða hætti heildarlaun stjórnenda væru mótuð, við hvaða samanburð þau miða og hvert væri hlutfall milli fastra og árangurstengdra greiðslna hjá stjórnendum. Að sama skapi kom þar fram varðandi árangurstengd launakerfi að eðlilegt væri að mælikvarðar komi fram í starfskjarastefnu sem væru viðeigandi og á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Þá var lögð áhersla á að greint væri frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið þannig að háþörm og takþörm komi fram í stefnunni sjálfri og að skýrsla yrði gerð um framkvæmd starfskjarastefnunnar.

Stjórn Haga hf. hefur nú lagt fram uppfærða starfskjarastefnu, sem m.a. setur fram skýrari ramma um árangurstengdar launagreiðslur og gerir ráð fyrir því að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu. Þrátt fyrir að sjóðurinn telji að ganga þurfi lengra varðandi skýrleika í þessum efnum er engu að síður um jákvæð skref að ræða til bóta hjá félaginu. Gildi-lífeyrissjóður mun því greiða atkvæði með starfskjarastefnunni en leggur á það áherslu að félagið haldi áfram á þessari braut og að í aðdraganda næsta aðalfundar komi fram skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu sem upplýsi nánar um með hvaða hætti heildarlaun stjórnenda eru mótuð, á hvaða samanburði þau byggja og hvert hlutfall er á milli fastra og árangurstengdra greiðslna hjá stjórnendum.

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri